

Fundur í stjórn hjúkrunar- og dvalarheimilisins Naust haldinn á Dvalarheimilinu Nausti þriðjudaginn 4. febrúar 2014 og hófst kl 17:00.

Mættir eru: Bjarnveig Skaftfeld, Ragnhildur Karlsdóttir, Kristín Thorberg, Ólafur Steinarsson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn hefur ekki tekið afstöðu til áskorunar stjórnarinnar um að móta sér stefnu í málefnum aldraðra með aðkomu félags eldri borgara. Stjórn Nausts hvetur sveitarstjórn til þess að taka fyrir fyrri áskorun stjórnarinnar og mynda sér stefnu í málefnum aldraðra.

Sveitarstjórn hefur rætt á sveitarstjórnarfundum um aðgengi fatlaðra í sveitarfélaginu.

2. Íbúðir aldraðra, Miðholti og Bakkavegi

Málefni íbúðanna rædd.

3. Drög að rekstrarniðurstöðu 2013

Ólafur dreifði drögum að niðurstöðu ársins 2013. Ljóst að tapið er á rekstrinum.

4. Fjárhagsáætlun 2014

Ólafur dreifði rekstraráætlun 2014 eins og sveitarstjórn samþykkti hana. Hún gerir ráð fyrir rúmum 9 milljónum í hagnað árið 2014 en það miðast við mun betri nýtingu en árið 2013.

5. Mismunur við Tryggingarstofnun.

Gamall uppsafnaður mismunur í bókum sveitarfélagsins frá tryggingarstofnun. Verið er að vinna að því á skrifstofu Langanesbyggðar að finna út úr þessum mismun.

6. Viðhald á Dvalarheimilinu Nausti árið 2014

Búið að samþykkja að fara í hellulögnina fyrir framan innganginn. Farið verður í það um leið og hægt er í vor. Búið er að panta nýja uppþvottavél en sú gamla er ónýt/biluð. Þá verður skipt um gólfefni í eldhúsi.

7. Skýrsla hjúkrunarforstjóra

- Naust barst gjöf fyrir áramót frá íbúa alls 2 milljónir króna. Fyrirhugað er að nýta hluta þess í að kaupa hjólastól og jafnvel rúm.
- Í dag eru 14 vistmenn á Nausti. 10 í hjúkrunarrými, 4 í dvalarrými og 2 í dagvist. Engar matarsendingar eru núna.
- Starfsmannamál rædd. Verið að fjölga starfsmönnum á næstunni vegna veikindaleyfa starfsmanna. Borghildur Þóroddsdóttir, sjúkraliði kemur síðan til starfa í 14. febrúar n.k.
- Gengið vel með eldhúsið og matræðana. Mjög jákvætt að Naust sjái um kaffibrauð fyrir ýmis tilefni.

- Kristín vill að haldið verði íbúáþing um öldrunarmál í Langanesbyggð. Fundarmönnum var sýnd kynning á hjúkrunarheimilinu á Hvammi þar sem koma fram upplýsingar fyrir vistmenn og aðstandendur. Kristín telur vantar meiri tengsl milli Naust og aðstandenda og þarf að vinna að því að bæta það.
- Kristín er með samning til 31. maí 2014 en hyggst vera eitthvað áfram. Ólafur mun senda ráðningarsamninginn á stjórnarmenn.

Fleira gert

Fundargerð upplesin og samþykkt

Fundi slitið kl 17:55